
Breyta um staðsetningu

Síðast uppfært 02/09/2026 4:02 pm BST

Förum yfir þau atriði sem þarf að uppfæra ef þú ert að færa þig um staðsetningu.

Skref til að uppfæra staðsetninguna í Noona HQ

1. Byrjaðu á að fara í **Valmyndina -> Netbeiðnir -> Prófíll fyrirtækis -> Breyta prófíl.**
2. Þar smellir þú á **x-ið** hjá núverandi staðsetningu og skrifar inn nýja staðsetningu.




Athugið að staðsetningin þarf að vera nákvæmlega eins og hún er í Google maps og því er sniðugt að nota uppástunguna sem kerfið kemur með þegar þú slærð inn heimilisfangið.



Ef þið eruð með staðsetninguna í SMS skilaboðum eða staðfestingar tölvupósti þá þarf sérstaklega að uppfæra þau skilaboð líka.


Breyta SMS skilaboðum

Byrjar á því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Áminningar** og getur breytt skilaboðunum þar inni.



Breyta staðfestingartölvupósti

Byrjar á því að fara í **Valmyndina -> Stillingar -> Sýnileiki -> Staðfesting -> Staðfestingarskilaboð.**



Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna ef einhverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar

---